


## Fornleifakönnun á Hrafnseyri við Arnarfjörð



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**  
**Guðný Zoëga**

Júlí 2012  
NV nr. 08-12

## 1. Inngangur

Fornleifarannsókn var gerð á Hrafnseyri við Arnarfjörð dagana 11.-15. ágúst 2011 og 3.-4. júlí 2012. Tilgangur rannsókna var að gera könnunarskurði á völdum stöðum á Hrafnseyri til að kanna ástand minja og rannsóknargildi og reyna að staðsetja miðaldabyggð í firðinum. Hrafnseyri liggur norðanvert við Arnarfjörð, gengt Langanesi.

Náttúrustofa Vestfjarða stendur fyrir verkefninu „Miðaldir í Arnarfirði“, en megintilgangurinn með því verkefni er að skrá fornleifar og rannsaka frekar valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Við teljum að með því að stuðla að rannsóknum á miðaldaminjum í Arnarfirði fáist mikilvægt yfirlit yfir tímabil sem lítil vitneskja er annars um. Með því að leggja áherslu á Arnarfjörð sérstaklega fæst heildstætt svæðisbundið yfirlit yfir upphaf og þróun byggðar, auk þess sem fyllri upplýsingar fást um líf og lífshætti Vestfirðinga á miðöldum. Við rannsóknina verða nýttar upplýsingar frá öðrum rannsóknum sem fram hafa farið í firðinum.

Fornleifarannsóknina önnuðust fornleifafræðingarnir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Dr. Rhonda Bathrust, Angelos Parigoris og Guðný Zoega. Skýrslugerð annaðist Margrét Hallmundsdóttir og Guðný Zoega

## 2.Saga

Jörðin Hrafnseyri er á norðurströnd Arnarfjarðar og er nokkurnveginn miðsvæðis í Auðkúluhreppi hinum forna. Í upphafi landnáms er staðurinn nefndur Eyri við Arnarfjörð og kemur mjög við fornar sögur landsmanna. Þegar kemur fram á 15. öld er farið að nefna Eyri eftir Hrafn Sveinbjarnarsyni, sem er talinn fyrstur lærðra lækna á Íslandi. Þjóðskörungurinn Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811 og þar ólst hann upp til 18 ára aldurs.

Í Landnámu segir svo:

"Örn hét maður ágætur. Hann var frændi Geirmundar heljarskinns. Hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi. Hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því þar gekk eigi sól af um skammdegi. Án rauðfeldur, sonur Gríms loðinkinna úr Hrafnistu og sonur Helgu, dóttur Ánar bogsveigis, varð missáttur við Harald konung hinn hárfagra og fór því úr landi í vesturvíking. Hann herjaði á Írland og fékk þar Grelaðar, dóttur Bjartmars jarls. Þau fóru til Íslands og komu í Arnarfjörð vetri síðar en Örn. Án var hinn fyrsta vetur í Dufansdal. Þar þótti Grelöðu illa ilmað úr jörðu. Örn spurði til Hámundar heljarskinns, frænda síns norður í Eyjafirði og fýstist hann þangað. Seldi hann því Áni rauðfeldi lönd öll milli Langaness og Stapa. Án gerði bú að Eyri. Þar þótti Grelöðu hunangsilmur úr grasi<sup>1</sup>."

Sigurð Vigfússon fornfræðingur fór í könnunarferð um Vestfirði árin 1882 og 1888.<sup>2</sup> Kom hann við á Hrafnseyri í bæði skiptin og svipaðist um eftir fornleifum og

---

<sup>1</sup> Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson gaf út. *Íslensk fornrit*, . Rv. I, s. 177; Jón Jóhannesson (1941) *Gerðir Landnámabókar*, Rv., s. 28-29.

<sup>2</sup> Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70; -

sögustöðum. Sigurður fann tóftarleifar, um 11m breiðar, austan við bæinn á Hrafnseyri og taldi að þar væru fundnar leifar af skála Hrafn Sveinbjarnarsonar.

Samkvæmt munnmælum voru undirgöng frá *Hrafnsskála* og niður að sjávarbökkum. Sigurður skoðaði lægð sem liggur frá bænum og niður að sjó, um 130m leið, en taldi hana náttúrumyndun, og hafa myndast af gamalli vatnsrás undir túninu. Lægðin er engu að síður kölluð *Undirgangur* og að sögn Ásgeirs Jónssonar sem lengi bjó á Hrafnseyri á ofanverðri 19. öld mátti sjá hleðslur í opi þeirra við sjávarkambinn.<sup>3</sup> Neðan við bæinn fann Sigurður naust, “ákaflega mikið og fornlegt”, hið stærsta sem hann hafði séð, eða yfir 30m langt.

Búið hefur verið á Hrafnseyri lengst af og aðeins nokkrir áratugir síðan hætt var að búa á jörðinni. Hrafnseyri hefur lengst af verið prestsetur og er frægð staðarins þó helst bundin við Hrafn Sveinbjarnarson og Jón Sigurðsson forseta sem ólst upp á Hrafnseyri þar sem faðir hans þjónaði sem prestur.

Í jarðabók Árna og Páls Vídalíns eru skráðar fimm hjáleigur og flestar í heimatúninu. Þær eru Rani, Bæli, Efri Hús, Neðri Hús og Sifjarhús<sup>4</sup>.

Í jarðatali Jonsen frá 1847 er Hrafnseyri nefnd Rafseyri og er skráð 60 hundraða jörð en engar hjáleigur sem nefndar voru hjá Árna og Páli eru í byggð árið 1847. Eina hjáleigan sem er í byggð er Rafnseyrarhús.<sup>5</sup>

### **3. Aðferðafræði**

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hver mannvistareining er fjarlægð í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Öllum jarðlögum er gefið númer sem sett eru í hornklofa [xx].

### **4. Rannsóknin**

Gerðir voru fjórir könnunarskurðir í ágúst 2011. Tveir skurðir voru gerðir 12 m austan við gamla kirkjugarðinn og 3 skurðir voru gerðir ofar í túninu neðan við svokallaða Bælisbrekku austan við síðasta bæjarstæðið.

Ákveðið var að taka tvo fyrstu skurðina í örlitla upphækkun í túninu rétt austan við gamla kirkjugarðinn.

#### **4.1 Skurður A**

var 1x2 metrar og lág í austur vestur.

---

<sup>3</sup> Böðvar Bjarnason (196), s. 16.

<sup>4</sup> Páll Vídalín og Árni Magnússon (1981) *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín Ísafjarðar og Strandasýsla* . s.15-18

<sup>5</sup> J. Jonsen (1847) *Jarðatal á Íslandi* s.191

#### 4.2. Einingaskrá

[101] Grasrót

[102] Yfirborðslag. Brúnt, nokkuð rótað, mikið af möl í laginu, einstaka kol og brennt bein. Greinilega vindborið í lagið


[103] Mjög þunnt kolalag, nokkuð mikið af kolum og brenndum beinum. Líklega vindborið.

[104] Mjög skýrt torflag í horni skurðsins.

[105] Óhreyft, grófur ísaldarruðningur.

#### 4.3. Niðurstöður úr skurði A


Ekki fundust nein skýr merki um byggingar í þessum fyrsta skurði sem opnaður var en greinilegt að mannvistarlög voru mjög nærri honum þar sem mikið af vindbornum mannvistarlögum fundust í skurðinum. Ákveðið var að opna annan skurð ekki fjarri þessum.



Teikning 1 Flatarteikning af skurði A



Mynd 1. Mynd af skurði A. Tekið í austur



Teikning 2. Flatarteikning af skurði A

#### 4.4 Skurður B

Skurður B var 5m á lengd og 1m á breidd í 2 ½ metra og var þá víkkaður í 2 m.

#### 4.5 Einingaskrá

**[201]**Grasrót

**[202]** Yfirborðslag. Brúnt moldarlag með nokkuð af mól

**[203]** Torflag í vestur enda skurðsins er nokkuð, þétt 20cm, en verður svo malarkendara. Kolasmít í laginu og bennd bein greinilega aðfokið. Rógnagli fannst í laginu.

**[204]**Malarlag sem var yfir öllum skurðinum, líklega vegna túnagerðar á síðari tímum.


**[205]** Afmarkað torflag í austur enda skurðsins, mjög þétt, gulleitt og leirkennt.

**[206]** Steinhleðsla, líklega veggur sem gengur í norður suður í skurðinum.

**[207]** Mjög lífrænt þétt lag, kolsvart mikið af kolum og brenndum beinum. Mjög líklega gólflag.

#### 4.6 Niðurstöður úr skurði B.

Mjög líklegt er að í þessum skurði hafi komið fram hús, bæði veggur, torf og gólflag benda til þess. Áformað er að opna svæðið meira til að kanna aldur og gerð þessa húss.



Teikning 3. Flatarteikning af kurði B



Mynd 2. Ljósmynd af skurði B. Tekin í vestur,

#### 4.7 Skurður C

Skurðurinn var gerður um 10m austur frá sólpalli við bustabæinn á Hrafnseyri, ekki langt frá þeim stað sem síðasti torfbær á Hrafnseyri stóð. Skurðurinn var 1x2 metrar á stærð.

#### 4.8 Einingaskrá (á ensku)

**[301]** Topsoil. Dark reddish silty sand moderately compacted. Charcoal flecks, frequent fleckes large and medium subangular and sub rounded stones sorted stone. Stone inclusions.

**[302]** Dark blackish brown sandy silt moderately compacted. Rich in charcoal. Fairly Extensive, no evidence of burning in situ. Most possibly result of dumping.

**[303]** Dark ,greyish, ,brown,sandy,silt, moderately compacted. Similar to [302] with less charcoal content. Possible roof at SW. Possibly result of dumping event.

**[304]** Dark greyish reddich, yellowish,brown. brown sandy silt moderately compacted. Charcoal flecks. Frequent peat ash. Occasional bone fragments (degraded not sampled) A fairly stereotypical midden deposit.




**[305]** Mid reddish, brown sandy silt, Firmly compacted, High content of turf. Large sub rounded stones moderately sorted associated with the deposit ( situated at the bottom of the tranche)possibly structural associated with the 19. cet farm. Very mixed.

**[306]** Dark blackish, reddish, brown, silty turf firmly compacted lensed material. Possibly structural. Rather inconclusive as only edge of deposit visible in section. Further investigation required.

**[307]** Mid reddish, greyish, brown, , silty turf firmly compacted. Rather clean material. Farley thin. Possibly associated with structure(s) at N [305] Similar deposits recognised elsewhere were clearly associated with smithy's.

**[308]** Mid reddish, brown. Sandy silt, firm. Sterile deposit most possibly naturally accumulated.

**[309]** Natural



Teikning 4. Snið af skurði C. NE hlið

#### 4.9 Niðurstöður út skurði C

Skurður C var gerður ekki langt frá þeim stað sem síðasti torfbærinn stóð á Hrafseyri eða austan við þann stað. Ljóst er að mikið af mannvistarleifum var í þessum skurði og greinileg merki um byggingar á þessu svæði eins og við var að búast. Hugsanlega sáust leyfar smiðju í skurðinum en ljóst er að byggingar voru á þessu svæði. Mestar líkur eru á það þetta séu merki um yngri byggingarskeið á Hrafseyri.

#### 4.10 Skurður D

Þegar svæðið var kannað fyrir rannsóknina tóku fornleifafræðingar eftir því að á túninu sem var nýslegið mátti sá gula bletti þar sem gras hafði greinilega ekki náð í vatn. Við nánari athugun kom í ljós að þessir ljósu blettir mynduðu langa línu eða um 30m og náði hún inn í yngri kirkjugarð. Ljóst var að rétt undir grassverði voru stórir steinar og skýrði það hvers vegna gras náði ekki að lifa ofan á steinunum í þessum þurrkum. Opnaður var skurður hjá einum af þessu gulu blettum í grasinu.

#### 4.11 Einingaskrá

[401] Grasrót


[402] Yfirborðslag, brúnleitt, nokkuð sendið, með mól, vindborin kol og beinaleifar.

[403] Hleðsla mjög stórir steinar.

[404] Torf mjög skýr torfveggur, brúnt, appelsínugult, og gráleitt, mjög þétt torf.

#### 4.12 Niðurstöður úr skurði D

Greinilegt er að það sem sást á yfirborði er mjög voldugur veggur en hvort um er að ræða stóra byggingu eða túngarð er ekki auðvelt að segja og verður að gera frekari rannsóknir. En skýrt er í þessum skurði að þarna hefur verið veggur úr torfi og grjóti með stórum steinum.




Teikning 5. Flatarteikning af skurði D



Mynd 3. Ljósmynd af skurði D. Greinilegur torfveggur og stórt grjót

## 5. Hrafnseyri – rannsókn á kirkjugarði 2012 - GZ





Teikning 6 Innmæling og afstaða skurða

Fornleifarannsókn fór fram á fornum kirkjugarði í Hrafnseyrartúni dagana 3.-4. júlí 2012. Tilgangur rannsóknarinnar var að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og, ef varðveisla beina leyfði, skoða legu beinagrindar, aldur og kyn auk þess sem taka átti sýni til frekari aldursgreiningar.

Kirkjugarðurinn liggur í túni suðaustan íbúðarhúss og kapellu og um 17m neðan og sunnan núverandi kirkjugarðs og kirkju. Garðurinn var vel greinanlegur í landslaginu. Hann liggur vestnorðvestur-austsuðaustur og er ferkantaður, 27m langur frá vestri til austurs, 20m breiður í vesturenda og 18m breiður í austurenda. Garðveggurinn er enn nokkuð stæðilegur, um 50- 70cm á hæð og allt að 2ja metra breiður. Veggurinn virðist hafa verið hlaðinn úr stóru grjóti en er nú hruninn. Grjótið sést enn vel í hruninni hleðslunni. Vestasti hluti garðsins liggur í dálítilli brekku í túninu og hallar til vesturs niður að dæld sem er talin vera jarðgöng þau sem getið er í Hrafn sögu. Yfirborð vesturhluta garðsins er ójafnara og kann jarðvegi að hafa verið bætt í garðinn þar en þó verður það ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Innan garðs er stæðileg kirkjutóft. Hún virðist einnig hafa verið hlaðin að hluta úr grjóti en þil hefur verið á vesturstafni. Miðskip kirkjunnar hefur verið um 6m á lengd og um 5m á breidd. Út úr austur stafni hefur verið smærri kór, um 2x2m að stærð. Kórinn er nokkuð upphækkaður sem kann að stafa af hruni grjótveggja inn í tóftina. Tóftin snýr rétt við áttum á meðan að kirkjugarðurinn snýr eilítið meira til norðvesturs-suðausturs. Undan kórnum lágu leifar einfaldrar steinhleðslu, um 5m að lengd. Hleðslan lá vestnorðvestur-austsuðaustur um metra austan við og undir kór yngri kirkjunnar og er þar líklega eldra skeið kirkjunnar. Sá veggur virðist hafa snúið eins og kirkjugarðurinn. Sé um að ræða austur kórvegg, hefur eldri kirkjan annað hvort verið stærri eða kórinn jafnbreiður miðskipi kirkjunnar.

Tveir skurðir voru teknir innan kirkjugarðsins, skurður 1 var tekinn rétt innan við suðurhlið kirkjugarðsveggjarins en skurður 2 var tekinn rétt norðaustan við það sem metið var eldra skeið kirkjunnar.

### **Skurður 1:**



Skurðurinn var tekinn norður-suður þannig að komið yrði þvert á grafir ef þær væru til staðar. Skurðurinn var 2m að lengd og 1m að breidd.

Rétt undir grasrót, á 20cm dýpi, var komið niður á útlínur niðurgraftar og virtist þar geta verið um tvær grafir að ræða. Vesturendi þeirra kom fram innan skurðar og virtust grafirnar samsíða þar sem ekkert haft var á milli þeirra en við höfuðenda grafanna var sem um tvo bogadregna niðurgrefti væri að ræða. Grafirnar hafa verið teknar í gegn um 15-20cm þykkt lag af rauðleitu torfi sem lagt hefur verið í garðinn en slík lög finnast víða í elstu kirkjugörðum. Á yfirborði komu graffyllingarnar fram sem gróf mól og sandur blandað mold og torfleifum en efnið sem grafirnar voru teknar ofan í var rauðleitt, nánast steinalaust, mýrartorf.

### **Gröf 1:**

Ákveðið var að grafa niður að beinum í höfuðenda nyrðri grafarinnar til að ákvarða nánar um varðveislu þeirra og hvort frekari stækkun grafarinnar væri fýsileg. Fljótlega varð ljóst að þótt tvær grafir virtust sýnilegar á yfirborði var syðri gröfin ekki tekin niður fyrir yfirborðs torflagið en þar var jarðvegurinn mjög þéttur skriðujarðvegur með grjóti af ýmsum stærðum, sandi og mold. Fyllingin í gröfinni sem mokað var upp úr var hinsvegar lausari í sér, en þó nokkuð groddaleg, með mól og stærri steinum í bland við sand, mold og leifar yfirborðstorflagsins. Í torflaganu komu fram nokkuð stórir flekkir af svartri, mjög fínni gjósku, sem komu einnig fram í torfflekkjum í graffyllingunni. Á 50cm dýpi frá yfirborði grafar var komið niður á botn hennar og augljóst var að varðveisla

beina var mjög slæm. Einungis var eftir illa farinn neðri hluti höfuðkúpu, eyrnabein og hnakkabein, auk illa farins neðri kjálka með tönnum og broti úr hryggjarliði. Beinir virðast hafa varðveist vegna þess að þau hafa að hluta lagið undir stórum steinum sem stóðu út úr grafarveggnum en menn ekki lagt í að moka upp úr gröfinni. Öll önnur bein í gröfinni voru svo illa farin og smjörkennd að ekki var hægt að greina lögun þeirra eða legu en leifar þeirra voru þó greinilega til staðar. Heillegustu beinin, eyrnabein og hluti neðri kjálka voru tekin til AMS aldursgreiningar. Vinstra megin í gröfinni komu í ljós tannkrónur barns eða unglings en engin merki voru um höfuðkúpu eða önnur bein. Þær tannkrónur sem hægt var að taka upp voru fjarlægðar til frekari aldursgreiningar. Sökum þess hver jarðvegur og graffylling voru grófgerð og einsleit var hægt að ákvarða hvort gröf 1 hefur verið tekin ofan í eldri gröf eða hvort komið hefur verið niður á hluta annarrar grafar.

Í botni grafarinnar, á um 50cm dýpi, var komið niður á mjög þétt og illgræft malarlag.



## Skurður 2:



Skurðurinn var tekinn um 1,5m norðaustur af norðausturhorni hleðslunnar sem gæti verið af eldri kirkju. Skurðurinn lá nálega norður-suður og var 1,6m langur og 1m breiður. Þegar útlínur grafar komu í ljós var hann stækkaður um 20cm til vesturs til að höfuðendi grafar kæmi að fullu inn í skurðinn.

### Gröf 2:

Líkt og í skurði 1 var þegar komið niður á yfirborð tveggja grafa undir grasrót. Þar voru einnig ummerki um sama yfirborðstorflagið og í skurði 1. Grafirnar voru samsíða og var sú nyrðri opnuð.

Útlínur grafarinnar voru fyrir miðjum skurði og þegar yfirborð hennar var hreinsað frekar varð ljóst að um var að ræða barnsgröf, um 90cm langa og rétt um 40cm breiða. Grafarfylling var sama og í gröf 1, gróf mól með stærri steinum blönduð sandi, mold og flekkjum af yfirborðstorfinu. Á 60cm dýpi kom fram sama þetta malarlagið og kom fram í botni grafar 1. Ekki hefur verið grafið niður í það. Engin ummerki beina eða annarra lífrænna leifa fundust í gröfinni. Annað hvort voru bein eða of tennur of morkin til að verða greind eða að líkið hefur verið fjarlægð úr gröfinni. Miðað við varðveislu beina í gröf 1 er ekki óvarlegt að álykta að beinin séu horfin.

## 6.Samantekt

Alls voru grafir tveir grunnir skurðir í kirkjugarðinn. Tvær grafir voru opnaðar til að ákvarða varðveislu beina og mögulegan aldur garðs. Fyrir utan þunnt yfirborðstorflag voru grafirnar teknar niður í grýttan skriðujarðveg niður að mjög þéttu malarlagi sem ekki virðist hafa verið grafið í gegn um. Fyllingin í báðum grafanna var mjög gróf með miklu af stærri steinum og hafa bein varðveist þar ákaflega illa. Engin merki fundust um líkkistur.

Í syðri hlið grafar 1 fundust krónur barnatanna í svipaðri hæð og beinaleifarnar í gröf 1 en óvíst er hvort að grafið hefur verið ofan í barnsgröf, hvort að barnsgröfin hefur legið til hliðar við hina gröfina eða barnið lagt í gröfina með fullorðna einstaklingnum.

Sýni voru tekin úr þeim beinum sem fundust og verða þau send til AMS greiningar. Einnig verður gjóska sem fannst í torfinu, sem grafirnar voru teknar í, greind. Þar sem varðveisla beina var mjög slæm var ekki hægt að meta aldur út frá grafarumbúnaði og engin sýnileg gjóskulög voru yfir garðinum.

Sökum þess hve þéttur og illgræfur jarðvegur virðist innan garðsins er ólíklegt að þar sé um mörg lög af gröfum að ræða. Það kann að benda til hás aldurs garðsins, hafi hann staðið frá upphafi á sama stað. Þó kann jarðvegur að vera eitthvað þykkari í vestari enda garðs. Ljóst er af rannsókninni að uppgröftur mannabeina hefur lítið upp á sig. Frekari rannsóknir myndu þá miðast að fjölda og gerð kirkna, kirkjugarðsveggjar og með yfirborðshreinsun garðsins mætti meta hversu margar grafir er að finna í honum.

## **7.Niðurstöður**

Niðurstöður þessara rannsókna voru að greinilegt er að byggingar eru austan við gamla kirkjugarðinn en skurðir voru teknir þar vegna þess að mjög oft voru íbúðarhús nærri kirkjum á miðöldum. Í ljós kom að byggingar eru nærri kirkjugarðinum. Frekari rannsóknir þarf til að áhvarða aldur þessara bygginga og hvor um sé að ræða miðaldabyggð á Hrafnseyri. Við rannsóknina kom líka í ljós stór bygging eða túngarður undir Bælisbrekku, ef um túngarð er að ræða er líklegt að byggð hefur einhverntíman verið neðar á túninu, þar sem garðurinn stendur mjög nærri brekku. Hugsanlega getur líka verið um að ræða skála vegg. Frekari rannsókna er þörf.

Við rannsóknina kom fram að mikið er af minjum er undir sverði á Hrafnseyri, undir Bælisbrekku og aftan við gamla kirkjugarðinn. Fyrirhugað er að stækka uppgraftarsvæðið sumarið 2012 til að kanna eðli og aldur minja. Árið 2013 er fyrirhugaðar víðamiklar fjarkönnunarrannsóknir á Hrafnseyri og í Arnarfirði sem liður í rannsókninni Arnarfjörður á miðöldum. Niðurstöður út könnunarskurðum í kirkjugarði leiddu í ljós að varðveisla beina er mjög slæm en allt bendir til þess að garðurinn sé gamall en sýni verða send í C14 rannsókn.

## **8. Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1921) *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.*

Hið íslenska fræðafjelag, (1981) Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa Kaupmannahöfn

Böðvar Bjarnason (1961) *Hrafnseyri Fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar forseta.* Bókaútgáfa menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XV. 1947-1950.* Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson gaf út. *Íslenzk fornrit*, . Rv. I, s. 177; Jón Jóhannesson (1941) *Gerðir Landnámabókar*, Rv., s. 28-29.

J. Jonsen (1847) *Jarðatal á Íslandi*

Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1883.*